5. tbl. 23. árgangur • Desember 2012

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

Forsíðumynd

Forsíðumyndin er af Rannveigu Þórðardóttir sem starfar hjá Lyfju á Húsavík. Þess má geta að amma hennar Þorgerður Þórðardóttir var mikil baráttukona og formaður Verkakvennafélagsins Vonar á árunum 1946 til 1963. Forsíðumyndina tók Jónína Hermannsdóttir. Þá fær Jóhannes Sigurjónsson þakkir fyrir tvö viðtöl sem hann tók og eru í blaðinu.

Jólin koma

Starfsfólk Norðlenska á Húsavík hefur vart haft undan að afgreiða hangikjötspantanir í verslanir undanfarið enda kjötið frá Norðlenska margverðlaunað fyrir gæði og bragð.

Á ferð um norðursvæðið

Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna þeir Rafnar Orri og Ágúst hafa verið á ferðinni undanfarnar vikur og heimsótt vinnustaði. Þeim hefur alls staðar verið vel tekið og ber að þakka fyrir það. Hér koma myndir frá ferðalagi þeirra félaga um Kelduhverfið og Öxarfjörð.

Systurnar, Anna Lára og Alda Jónsdætur starfa í Stórumörk á Kópaskeri við dægradvöl aldraðra í Öxarfirði.

Gengið frá fallegum fiski til útlutnings frá Rifós.

Ný þjónusta - Framsýn á Facebook

Nú má finna Framsýn á andlitsbókinni eða Facebook líkt og samskiptamiðillinn heitir. Þar munu birtast helstu fréttir, myndir og fleira af heimasíðu okkar og úr starfsemi Framsýnar. Einnig verður mögulegt að sjá myndbönd frá vinnustaðaheimsóknum og fylgjast vel með því áhugaverða verkefni sem Rafnar Orri Gunnarsson var ráðinn í og fjallað er um í Fréttabréfinu. Endilega sendið okkur vinabeiðni og fylgist vel með öflugu starfi stéttarfélaganna. Umsjónarmaður með andlitsbókinni, facebook er Rafnar Orri Gunnarsson. Slóðin er: http://www.facebook.com/framsyn.stettarfelag

Gleðin við völd á lokafundi

Frænkurnar, Sigurveig Arnardóttir og Svava Árnadóttir voru sjálfsögðu brosandi á jólafundinum sem fór vel fram.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar ásamt starfsmönnum og trúnaðarmönnum á vinnustöðum komu saman til síðasta fundar ársins föstudaginn 7. desember. Í lok fundar var boðið upp á kvöldverð og heimatilbúna skemmtidagskrá. Hefð er fyrir því innan Framsýnar að klára starfsárið með hátíðarfundi en mikið er lagt upp úr því að hafa starfið innan félagsins áhugavert, þroskandi og skemmtilegt. Þessi blanda hefur skilað þeim árangri að afar auðvelt er að fá félagsmenn til að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið.

Viðræður í gangi við SA

Samtök atvinnulífsins og Framsýn funduðu á dögunum um sérkjarasamning fyrir starfsmenn á hvalaskoðunarbátum.

Formaður Framsýnar fundaði með fulltrúum Samtaka atvinnulífsins í byrjun desember um samning fyrir starfsmenn á hvalaskoðunarbátum. Félagið hefur lengi barist fyrir því að slíkur samningur verði gerður enda ólíðandi með öllu að ekki sé til staðar samningur. Starfsmenn fyrirtækjanna hafa þrýst verulega á félagið að gera samning fyrir þeirra hönd. Á fundinum fór formaður Framsýnar yfir mikilvægi þess að gerður verði sérkjarasamningur fyrir þessa ört vaxandi atvinnugrein í ferðaþjónustu. Aðalsteinn gerði þeim auk þess grein fyrir helstu áherslumálum Framsýnar hvað varðar kjör starfsmanna sem áður höfðu komið þeim á framfæri við félagið. Fulltrúar SA tóku við hugmyndum Framsýnar og ákveðið var að funda áfram eftir áramótin.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • ÁBYRGÐARMAÐUR: Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 15. desember 2012 og gefið út í 2000 eintökum.
HÖNNUN OG PRENTUN: Skarpur útgáfufélag ehf., Húsavík.

Fallegt á Þeistareykjum

Formaður Framsýnar og yfirmenn Jarðborana gerðu sér ferð á Þeistareyki á dögunum. Áður höfðu yfirmenn fyrirtækisins komið við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér starfsemi Framsýnar og væntingar heimamanna í atvinnumálum. Markmiðið var að heilsa upp á starfsmenn og kynna sér aðstæður en veðrið hefur verið frekar leiðinlegt það sem af er vetri. Bormenn á Gretti hafa því átt erfitt með að athafna sig á svæðinu en starfsmenn Jarðborana eru mikil hörkutól og láta ekki slæmt tíðafar hafa mikil áhrif á sig.

Það er allt farið í sundur! Alli, Nonni og Ómar voru að gera við vatnslagnir sem höfðu gefið sig og því var vatnslaust í vinnubúðunum á Þeistareykjum. En þetta eru vanir menn sem voru ekki lengi að gera við skemmdirnar og koma vatninu á aftur.

Hermann Jónasson sem er verkstjóri hjá Jarðborunum gerði forsvarsmönnum fyrirtækisins grein fyrir gangi mála á svæðinu en verið er að bora holu nr. níu frá upphafi borana á Þeistareykjum. Þeir eru Baldvin Þorsteinsson starfandi framkvæmdastjóri og Sturla F. Birkisson framkvæmdastjóri tæknisviðs. Til hliðar er Kristbjörn Þór Jónsson starfsmaður Jarðborana á Þeistareykjum.

Hópur iðnaðarmanna og verkamanna úr Þingeyjarsýslum hafa verið við störf á Þeistareykjum í vetur. Hér eru þeir Óli Emils og Vigfús Leifsson en þeir vinna báðir hjá Trésmiðjunni Val ehf. á Húsavík. Um þessar mundir er borunum að ljúka á Þeistareykjum.

Góður jólaandi á Húsavík

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum stóðu fyrir árlegu jólakaffi á laugardaginn í fundarsal félaganna á Húsavík. Fjöldi fólks eða um 350 manns komu við og þáðu kaffi, konfekt og tertur í boði stéttarfélaganna. Þá var einnig boðið upp á söng og tónlist af bestu gerð. Ekki var annað að heyra en að Þingeyingar væru komnir í jólaskap því flestir gestanna komu brosandi og fóru brosandi. Fleiri myndir og umfjöllun má sjá á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

Fréttir af starfsemi Starfsmannafélags Húsavíkur

Guðrún K Magnúsdóttir og Stefán Stefánsson voru fulltrúar STH á aðalfundi Samflots 9. og 10. nóvember. Fundurinn var mjög góður og málin rædd þar á hreinskiptinn hátt og þær ákvarðanir sem teknar voru á fundinum gerir framkvæmdanefnd Samflotsins kleift að efla starf sitt gagnvart okkar samningsaðilum. Í fyrra á aðalfundi sem haldinn var í Keflavík var ákveðið að minnka framlag félagana sem að Samflotinu standa sem við hjá STH vorum mótfallin vegna þess að það gat hvert mannsbarn séð það að ekki yrði mikið úr starfseminni ef ekki væru til peningar til rekstrar og ferðakostnaðar.

Á árinu 2013 verður STH 50 ára og þá verður blásið til tveggja ferða eins og við höfum gert sl. ár þannig að allir félagsmenn eigi kost á að fara og er farið að athuga með ferðir og er stefnt að því að það liggi fyrir ekki seinna enn í febrúar 2013 hvenær farið verður og hvert og mun stjórn félagsins vinna þetta með ferðanefndinni og verður það auglýst um leið og ákvörðun liggur fyrir þannig að menn geti skipulagt sumarfríið.

Formaður STH sat aðalfundi BSRB og Fjölskyldu og styrktarsjóðs BSRB félaga, staða BSRB er í góðu lagi og eins staða FOS hún er mjög traust og það er almenn ánægja með starfsemi sjóðsins og er full ástæða að hvetja menn til að kynna sér hvað hægt er að sækja í sjóðinn. Linkur er inn á síðu sjóðsins á heimasíðu stéttarfélagana. Um áramótin verður sú breyting gerð að einungis verður hægt að sækja rafrænt um í sjóðnum og þegar það er gert munu koma upp efst í horni hægra megin tölustafir og bókstafir sem þarf að merkja inn á gögnin sem þarf að senda til sjóðsins til þess að fá úthlutun. Einnig veita starfsmenn skrifstofunnar aðstoð við að sækja um ef menn hafa ekki aðgang að tölvu eða þá ekki treysta sér til þess.

Það er margt í boði varðandi bætur og styrki úr sjóðnum s.s. slysabætur, niðurgreiðslur vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds, nálastungumeðferðar, hnykklækninga, krabbameinsleitar, líkamsræktar, ættleiðingar, tæknifrjóvgunar, sjónlagaðgerðar, gleraugnakaupa, dvalar á Heilsustofnuninni í Hveragerði, félagsráðgjafar, fjölskylduráðgjafar, sálfræðiaðstoðar, útfarakostnaðar, tannlæknakostnaðar, heyrnartækjakaupa.

Greiddur er styrkur vegna fæðingu barna og er hann kr. 220.000 fyrir eitt barn og tvöfaldast við fleirburafæðingu. Styrkurinn gildir einnig vegna ættleiðinga barna yngri en 5 ára. Hálfur styrkur er greiddur vegna fósturláts

Starfsemi Starfsmannafélags Húsavíkur hefur verið líflegt á því ári sem er að líða. Félagið á jafnframt stórafmæli á næsta ári.

eftir 18 vikur og andvanafæðingar. Þá tekur sjóðurinn þátt í ferðakostnaði ef Tryggingastofnun greiðir ekki.

Þessir styrkir eru háðir starfsaldri og geta menn séð þetta inná síðu sjóðsins www.styrktarsjodur.bsrb.is (Úthlutunarreglur)

Stjórn félagsins tók þá ákvörðun á stjórnarfundi 22. nóvember að hafa ekki jólafund eins og undanfarin ár og var það gert vegna þess að við reiknum með því að gera okkur glaðan dag þegar félagið heldur upp á 50 ára afmælið, einnig ákvað stjórn félagsins að styrkja Krabbameinsfélag Suður Þingeyinga um 200.000.- og var sá styrkur afhentur á Bleika kvöldinu.

Einnig ákvað stjórn STH að greiða niður leikhúsmiða um 1500.- og fá menn miða á skrifstofu stéttarfélagana sem þeir svo framvísa í miðasöluna.

Einnig ákvað stjórnin að hækka leiguna á íbúðinni að Sólheimum 23 og frá áramótum verður vikuleiga fyrir félagsmenn STH kr. 20.000.- fyrir eina nótt kr.4.000.- fyrir utanfélagsmenn er vikuleigan kr. 30.000.- og fyrir eina nótt kr. 6.000.-

Stjórn Starfsmannafélagsins sendir félagsmönnum sínum bestu jóla og nýjárskveðjur sem og landsmönnum öllum með von um að góðir hlutir gerist hér í heimahéraði á árinu 2013.

Svipmyndir frá vinnustaðaheimsóknum

Hér koma nokkrar myndir sem teknar voru þegar fulltrúar Framsýnar fóru í vinnustaðaheimsóknir í Reykjahverfi og Mývatnssveit.

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Um þessar mundir er frumvarp sem kemur inn á endurmenntun atvinnubílstjóra til umræðu á Alþingi samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Full ástæða er fyrir verkalýðshreyfinguna að standa vörð um starfsréttindi atvinnubílstjóra.

Í haust hefur Starfsgreinasambandið sem Framsýn á aðild að átt fulltrúa í nefnd á vegum Innanríkisráðuneytisins um endurmenntun atvinnubílstjóra en samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins þarf að skilyrða endurnýjun starfsleyfa við að bílstjórar fari í gegnum endurmenntun. Starfsgreinasambandið hefur lagt á það áherslu að bílstjórarnir þurfi ekki sjálfir að standa straum af kostnaði vegna endurmenntunarinnar og að þeim verði gefið gott tímasvigrúm til að sækja sér menntun. Þá er lagt til að bílstjórar geti valið um að sækja menntunina í smá skömmtum á löngum tíma. Einnig leggur sambandið áherslu á að bílstjórarnir þurfi ekki að gangast undir próf heldur sé litið á þetta sem fræðslu. Ef vel er staðið að þessu getur endurmenntunin styrkt stöðu atvinnubílstjóra á vinnumarkaðnum, aukið færni í greininni og veitt fræðslu um helstu nýjungar.

Alls þurfa atvinnubílstjórar að sækja 35 kennslustunda fræðslu en það má skipta þessu niður á vikur, mánuði og jafnvel ár. Hvaða frestur verður gefinn til að ljúka endurmenntuninni er ekki alveg ljóst en öðrum áhersluatriðum hefur verið mætt. Það hefur verið markmið allra sem standa að þessum viðræðum að standa við skuldbindingarnar á sem þægilegastan og hagkvæmastan hátt. Rétt er að árétta að málið er til umræðu á Alþingi og Framsýn mun beita sér fyrir því að verja stöðu félagsmanna sem eru atvinnubílstjórar en greinilegt er að bílstjórar hafa áhyggjur af málinu og hafa komið þeim á framfæri við félagið. Þess vegna er mikilvægt að verkalýðshreyfingin standi vörð um starfsréttindi atvinnubílstjóra.

Framsýn skoðar aðbúnað í verslunum

Framsýn mun skoða aðbúnað og aðgengi í verslunum á félagssvæðinu í vetur. Ef marka má brosið á Arnóri Elí er allt í himnalagi hjá þjónustuaðilum í Þingeyjarsýslum.

Verkefnið **Verslun í dreifbýli** er þriggja ára samstarfsverkefni um málefni dreifbýlisverslana sjö þjóða á norðurslóðum; Íslands, Finnlands, Noregs, Færeyja, Norður – Írlands, Írlands og Skotlands. Tilgangurinn með verkefninu var að renna styrkari stoðum undir rekstur dreifbýlisverslana og finna lausnir sem henta hverri verslun meðal annars með því að greina hverjir séu bestu valkostirnir til að auka arðsemi verslana í dreifbýli, auka gæði og fjölga þjónustuþáttum í dreifbýlisverslun. Heildarmarkmiðið er að bæta þjónustu og búsetugæði í litlum samfélögum með því að stuðla að því að dreifbýlisverslanir geti lifað, þróast og dafnað. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hélt utan um hóp þátttakenda af Norðausturlandi en af því svæði tóku 6 verslanir þátt. M.a. var unninn gátlisti um úttekt á verslunum, þar sem aðgengi og aðbúnaður er tekinn út. Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar hefur heimild til að nýta ofangreindan gátlista og hyggst heimsækja allar verslanir á félagssvæðinu í febrúar og mars. Við vonumst til að verslunareigendur og stjórnendur taki vel á móti fulltrúa okkar og nýti sér þetta tækifæri sem lið í innra gæðaeftirliti.

Desemberuppbót 2012

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsmönnum sínum desemberuppbót í byrjun desember ár hvert. Uppbótin er háð ákveðnum skilyrðum sem varða t.a.m. starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári. Desemberuppbót greiðist sem eingreiðsla, er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga. Hér að neðan gefur að líta upphæðir desemberuppbótar fyrir árið 2012 eftir ákvæðum kjarasamninga. Ef frekari upplýsinga er þörf, endilega hafið þá samband við Skrifstofu stéttarfélaganna.

Desemberuppbót 2012 miðað við fullan rétt starfsmanna:

Almenni kjarasamningurinn milli Framsýnar/VÞ og Samtaka atvinnulífsins Desemberuppbót kr. 50.500,-

Kjarasamningur Framsýnar/VÞ við Bændasamtök Íslands Desemberuppbót kr. 50.500,-

Kjarasamningur Framsýnar/VÞ við Landsamband smábáta-eigenda vegna vinnu við línu og net Desemberuppbót kr. 50.500,-

Kjarasamningur LÍV og SA sem Framsýn er aðili að Desemberuppbót kr. 57.300,-

Kjarasamningur Framsýnar/VÞ og Landsvirkjunar Desemberuppbót kr. 85.672,-

Kjarasamningur Framsýnar/VÞ og fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs Desemberuppbót kr. 50.500,- *(Ath. Þar sem sérákvæði gilda fyrir starfsmenn á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sem voru við störf 4. apríl 2004 geta þeir átt rétt á hærri desemberuppbót en hér greinir)*

Kjarasamningur Framsýnar/VÞ og Launanefndar sveitarfélaga Desemberuppbót kr. 78.200,- *(Ath. Sérákvæði varðandi desemberuppbótina gilda um starfsmenn sveitarfélaga sem voru við störf fyrir 29. maí 2005. Þeir eiga rétt á 50% desemberuppbót samkvæmt nánari skilgreiningu. Sama á við um starfsmenn Hvamms sem voru við störf fyrir 1. maí 2004. Þeir halda 50% desemberuppbót samkvæmt ákveðnum reglum.)*

Kjarasamningur Samiðnar og SA sem Þingiðn er aðili að Desemberuppbót kr. 50.500,-

Kjarasamningur Samflotsins og Launanefndar sveitarfélaga sem STH er aðili að. Desemberuppbót kr. 78.200,- *(Ath. Sérákvæði varðandi desemberuppbótina gilda um starfsmenn Norðurþings sem voru við störf fyrir 29. maí 2005. Þeir eiga rétt á 50% desemberuppbót samkvæmt nánari skilgreiningu.)*

Kjarasamningur Samflotsins og fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs sem STH er aðili að. Desemberuppbót kr. 50.500,- *(Ath. Þar sem sérákvæði gilda fyrir starfsmenn á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga geta þeir átt rétt á hærri desemberuppbót en hér greinir.)*

Gerðu góða ferð til Húsavíkur

Í máli gestanna kom fram að þau hefðu haft mjög gaman af heimsókninni til stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Það var góður hópur verkalýðsleiðtoga og starfsmanna stéttarfélaga sem kom í heimsókn frá Akureyri til Húsavíkur til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Gestirnir frá Akureyri notuðu einnig ferðina til að koma við í Safnahúsinu á Húsavík. Áður en hópurinn hélt heim á leið eftir velheppnaða ferð var komið við á Sölku og borðað lambakjöt af bestu gerð.

Jóna Matthíasdóttir, formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar:

“Verslum í heimabyggð - þar sem við viljum búa!”

Formaður DVS mætti að sjálfsögðu þegar eðalverslunin Skóbúð Húsavíkur fagnaði 70 ára afmæli á dögunum og er hér lengst t.h. með þremur kynslóðum verslunarfólks, Birnu Magnúsdóttur, Oddfríði Reynisdóttur og Reyni Jónassyni, Nestor húsvíska verslunarmanna. Mynd: JS

Jóna Matthíasdóttir er formaður deildar verslunar- og skrifstofufólks (DVS) innan Framsýnar en hún tók við formennsku deildarinnar á síðasta aðalfundi sem var í febrúar s.l.

Deildin er á vissan hátt framhald af Verslunarmannafélagi Húsavíkur, sem var stofnað haustið 1965, en þann 1. maí 2008 sameinuðust Verslunarmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis í eitt félag, undir nafni Framsýnar stéttarfélags. Að sögn Jónu eru félagssvæðið deildarinnar hið sama og Framsýnar og nær sem sagt frá Vaðlaheiði í vestri og allt austur fyrir Raufarhöfn.

“Félagsmenn í deildinni eru tæplega 200 og meirihlutinn konur, ætli hlufallið sé ekki um það bil 75% konur og 25% karlar. Auk mín skipa stjórn deildarinnar Jónína Hermannsdóttir, varaformaður , Ásgerður Arnardóttir, ritari og varamen eru Birgitta Bjarney Svavarsdóttir og Kári Kristjánsson.”

- En hver eru helstu verkefni formanns og stjórnar?

“Stjórnin hittist fjórum sinnum á ári og fer yfir helstu mál sem eru ofarlega á baugi og brenna á félagsmönnum. Ég sem formaður sit einnig í stjórn Framsýnar og það fyrirkomulag gefst vel og tryggir upplýsingaflæði og gagnsæi.

Við í stjórn DVS stóðum fyrir nokkru að því að halda þjónustunámskeið fyrir starfsfólk verslana og framundan er að gera launakönnun meðal allra félagsmanna deildarinnar.

Ég starfa hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og í gegnum starf mitt þar kom ég að verkefni sem nefnist „Verslun í dreifbýli“ . Stjórnin hefur hug á að nýta gögn úr því verkefni og láta gera úttekt í verslunum á svæðinu eftir áramótin, úttekt sem snýr að aðgengi og fleiri tengdum þáttum.

Við erum einnig reglulega að sinna fyrirspurnum og gefum umsagnir. Þá ætlum við í fyrirtækjaheimsóknir á næstu vikum og taka púlsinn þar á félagsmönnum okkar.”

-Jóna, þú starfar núna sem verkefnastjóri, sem er skrifstofustarf og ég veit þú hefur unnið í banka. En hefurðu einhvern tíman unnið í verslun og þá hvar?

“Draumur minn sem barn var að fá að vinna í Lenubúð, en ég naut þeirrar blessunar 16 ára gömul að vinna eitt sumar í Búrfelli hjá þeim heiðurshjónum Ingu og Óla Kristins, en hann kallaði mig Rósu allt sumarið! Það var mikil upplifun og góður skóli. Mér er það ógleymanlegt þegar Inga var bakatil að búa til kæfu og hún var dugleg að gefa húsmæðrum ýmis húsráð og góðar hugmyndir að helgarsteikinni, líkt og að velta súpukjöti upp úr Maggí súpudufti og steikja í svarta pottinum!

Þetta var yndislegt sumar í alla staði og reynsla sem ég mun alltaf búa að.”

-Eitthvað að lokum Jóna, svona í aðdraganda jólaverslunarinnar?

“Ég vil bara minna bæjarbúa og nærsveitamenn á að hér á Húsavík er að finna gott og fjölbreytt úrval í verslun og þjónustu, þó auðvitað sé það svo að einstakir vöruflokkar eru ekki alltaf fáanlegir. En nú þegar jólavertíðin nálgast bendi ég á að það er hægt að skapa sér skemmtilega stemmingu, rölta um bæinn og kíkja í notalegar verslanir og í leiðinni fá sér köku og kaffi í bakaríinu eða létta máltíð á veitingastöðunum.

Verslum í heimabyggð - þar sem við viljum búa!” JS

Góðir skóla- og námskeiðsstyrkir

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum styrkja fullgilda félagsmenn sem sækja námskeið eða stunda nám með vinnu. Styrkirnir koma frá fræðslusjóðum sem félögin eiga aðild að. Einnig er hægt að sækja til viðbótar um sérstaka námsstyrki frá félögunum sjálfum. Vinsamlegast leitið upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík.

Jakob G. Hjaltalín, formaður Sjómannadeildar Framsýnar:

„Væri erfitt að stjórna deildinni utan af sjó“

Formaður Sjómannadeildar Framsýnar, Jakob G. Hjaltalín, við höfnina á Húsavík. Hann steig ölduna í 33 ár en er nú kominn í land.

Formaður Sjómannadeildar innan Framsýnar er reyndar ekki starfandi sjómaður. En maður, eins og Jakob G. Hjaltalín, sem hefur verið á sjónum í samtals 33 ár hlýtur að teljast sjómaður upp frá því. „Ég byrjaði ungur á sjó á bátum frá Akureyri þar sem ég ólst upp, var lengi sjómaður á Kolbeinsey og síðast var ég um borð í Húsey sem gerð var út á rækju frá Húsavík árið 2004 og þá fór ég í land. Og ég tel að þetta sé bara þokkaleg ending hjá mér.“

Segir Jakob formaður sem lengst af starfaði sem bátsmaður. Síðustu ár hefur hann verið starfsmaður hjá Olís á Húsavík og segir aðspurður að sumum finnist örugglega undarlegt að landkrabbi sé formaður Sjómannadeildarinnar, en hann telji að það geti verið nokkuð erfitt fyrir starfandi sjómann að gegna formennskunni. „Menn hlaupa ekki í land hvenær sem er og hvaðan sem þeir eru staddir þegar boðað er til funda hér heima eða fyrir sunnan með litlum fyrirvara. Og svo eru auðvitað mun auðveldara að ná í mann sem er stöðugt í landi. Þannig að ég tel einfaldlega að það sé heppilegra fyrir sjómenn sjálfa að formaðurinn deildarinnar sé ekki starfandi sjómaður.“ Segir Jakob.

Hann er aðeins sá þriðji sem gegnir formennsku deildarinnar, tók við af Aðalsteini Ólafssyni en fyrsti formaðurinn var Kristján Guðjónsson.

„Í deildinni eru sjómenn af öllum stærðum og gerðum báta, félagar eru um 100 talsins og þar af 82 virkir. Í stjórn með mér eiga sæti Stefán Hallgrímsson, varaformaður, Kristján Gunnar Þorvarðarson, ritari og varamenn eru þeir Björn Viðar og Haukur Hauksson.

Helstu mál sem koma inn á borð stjórnar eru auðvitað kjaramálin og við lönduðum einmitt fyrir skömmu samningi við Klett, samtök smábátasjómann allt frá Ólafsfirði í vestri og austur um. Einnig látum við okkur öryggismál sjómanna varða og þar hafa sem betur fer orðið gríðarlegar breytingar á síðustu áratugum fyrir tilverknað Slysavarnaskóla Sjómanna sem hefur lyft Grettistaki í öryggismálum, enda hefur slysum á sjó fækkað verulega.

Þá höfum við á okkar hendi mjög skemmtilegt verkefni sem er heiðrun aldraðra sjómanna á sjómannadaginn.“

Jakob segist vera sérstaklega ánægðu með þá skipan mála að formenn hinna ýmsu deilda séu sjálfkrafa í aðalstjórn Félagsins. „Þetta þýðir einfaldlega að ég get fylgst með öllum málum sem eru uppi á borði stjórnar sem snerta okkar félaga og miðlað þeim áfram og get um leið fylgt okkar hagsmunamálum eftir innan stjórnar. Þetta er mjög lýðræðislegt fyrirkomulag sem tryggir upplýsingaflæði og gagnsæi innan félagsins.“

Þegar rætt var við Jakob var hann á leiðinni suður á Sjómannasambandsþing og var ekki bjartsýnn. „Þetta verður stál í stál og örugglega engin niðurstaða.“ Sagði formaðurinn. Og reyndist þar sannspár. JS

Sjómenn!

Aðalfundur Sjómannadeildar
Framsýnar-stéttarfélags verður haldinn
fimmtudaginn 27. desember 2012 í fundarsal félagsins.
Fundurinn hefst kl. 20:00.

Dagskrá: 1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Mikilvægt er að sjómenn láti sjá sig á fundinum.
Í lok fundar verður boðið upp á hefðbundnar veitingar í boði deildarinnar.

Stjórn Sjómannadeildar

Ánægðir með samstarfið – skimun fyrir ristilkrabbameini -

Ásgeir læknir fór vel yfir verkefnið og svaraði fjölmörgum spurningum frá gestum fundarins.

Lionsklúbbur Húsavíkur og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga stóðu fyrir kynningarfundi í lok nóvember með styrktaraðilum sem komu að því að styrkja fimm ára verkefni á þeirra vegum er varðar skimun fyrir ristilkrabbameini í körlum og konum á þjónustusvæði HÞ. Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Húsavíkur eru meðal þeirra styrktaraðila sem koma að verkefninu. Heilbrigðisstofnunin hefur séð um skipulagninguna og framkvæmd speglunar en Lionsklúbburinn hefur verið fjárhagslegur bakhjarl verkefnisins. Á Íslandi greinast að meðaltali 112 einstaklingar með krabbamein í ristli árlega. Miklu skiptir að greina krabbameinið á byrjunarstigi. Því miður er ekki hafin almenn skimun fyrir ristilkrabbameini á Íslandi þrátt fyrir umræðu þess efnis. Þess vegna ekki síst er samstarf Lionsklúbbs Húsavíkur og Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga afar athyglisvert og á sér ekki hliðstæðu á Íslandi.

Verkefnið fellst í því að bjóða öllum konum og körlum á aldrinum 55 ára í ókeypis ristilskoðun á því ári sem þau ná þessum aldri. Hægt er að bjóða upp á fría skoðun þar sem nokkur sveitarfélög, tryggingafélög, fjármálastofnanir og stéttarfélög styrkja verkefnið fjárhagslega. Í því sambandi má geta þess að öll stéttarfélögin sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna koma að verkefninu með fjárframlögum.

Eftir fimm ár stendur svo til að meta árangurinn og ákveða framhaldið. Í máli Lionsmanna kom fram að þeir hefðu viljað starta þessu mikilvæga verkefni með það að markmiði að eftir árin fimm væri það komið til að vera.

Ásgeir Böðvarsson læknir og Ingunn Indriðadóttir hjúkrunarfræðingur fóru yfir verkefnið og helstu niðurstöður. Alls voru 65 einstaklingar boðaðir í rannsókn en um 69% þeirra svöruðu kallinu eða 46 einstaklingar, af þeim fóru 42 í skimun fyrir ristilkrabbameini. Fram kom hjá samstarfsaðilum að verkefnið hefði gengið vel og þátttakendur væru almennt ánægðir með framtakið sem þegar hefði sannað sig.

Félagsmenn í STH athugið

Ást

Starfsmannafélag Húsavíkur hefur ákveðið að greiða niður leikhúsmiða fyrir virka félagsmenn á sýningar Leikfélags Húsavíkur á leikritinu Ást. Niðurgreiðslan er kr. 1500.- per miða. Forsendan fyrir niðurgreiðslunni er að félagsmenn séu á vinnumarkaði og komi auk þess við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fái afsláttarmiða áður en þeir fara í leikhúsið. Framvísa þarf afsláttarmiðanum við kaup á leikhúsmiðanum. Góða skemmtun.

Launakönnun framundan

Fyrirhugað er að framkvæmda launakönnun meðal verslunar- og skrifstofufólks á næsta ári.

Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar hefur ákveðið að standa fyrir launakönnun meðal félagsmanna eftir áramótin. Lagðar verða nokkrar spurningar fyrir félagsmenn er varða þeirra launakjör, vinnuumhverfi og starfsemi Framsýnar. Nánar verður fjallað um könnunina í bréfi sem félagsmenn innan deildarinnar fá í hendur í vetur. Það er von stjórnar að menn verði duglegir að svara könnuninni.

Líf við höfnina á Þórshöfn

Það hefur mikil vinna verið hjá hafnarverkamönnum á Þórshöfn á árinu sem er að líða. Hér er verið að landa úr Suðurey góðum afla.

Þegar blaðamaður Fréttabréfsins var á ferð á Þórshöfn á dögunum var mikið um að vera við höfnina. Verið var að landa góðum afla úr togaranum Suðurey VE 12. Aflinn fór að mestu til vinnslu hjá Ísfélagi Vestmannaeyja á Þórshöfn og hluti aflans fór á markað.

Bræðslan var ekki í gangi en heimamenn vonuðust til þess að fá loðnu til vinnslu á næstu dögum svo hægt yrði að keyra bræðsluna í nokkra daga fyrir jól.

Upplýsingabæklingur

Framsýn hefur gefið út upplýsingabækling fyrir félagsmenn þar sem getið er um flest þau atriði er varða möguleika félagsmanna á styrkjum frá félaginu. Stiklað er á stóru í réttindum félagsmanna hjá einstökum sjóðum félagsins. Nettengdir félagsmenn geta skoðað bæklinginn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Bæklingarnir liggja einnig frammi á skrifstofu félagsins. Bæklingnum er ætlað að auðvelda félagsmönnum að vita um sín helstu réttindi hjá Framsýn.

Allt á fullu hjá Vísi hf.

Það eru ekki margar konur á Íslandi sem hafa skapað eins mikinn gjaldeyri eins og Fríða Finna sem er hér við störf, enda lengi unnið í fiski. Þetta er fólkið sem á að fá fálkaorðu fyrir vel unnin störf í þágu þjóðarinnar.

Það var mikið að gera hjá starfsmönnum Vísis hf. á Húsavík þegar formaður Framsýnar var þar á ferð. Um 60 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu, þar af rúmlega fjörutíu erlendir starfsmenn. Öll borð voru full af fallegri ýsu sem beið þess að vera snyrt og komið fyrir í þar til gerðar pakkningar til útflutnings. Vísir hefur í gegnum tíðina rekið öfluga fiskvinnslu á Húsavík og hefur lagt mikið upp úr því að skapa starfsmönnum góða vinnuaðstöðu. Í því sambandi má geta þess að ein af fullkomnari flæðilínum landsins er í starfsstöð fyrirtækisins á Húsavík en Vísir er með nokkrar starfsstöðvar á Íslandi.

Eins og þessi mynd ber með sér voru starfsmenn í svaka stuði þegar talsmaður Framsýnar var á ferðinni.

Starfsemi Vísis skiptir verulega miklu máli fyrir atvinnulífið á Húsavík enda með stærri vinnustöðum á svæðinu. Gott atvinnuástand á Húsavíkursvæðinu í sumar var ekki síst því að þakka að fyrirtækið hélt uppi reglulegri vinnu fyrir utan samningsbundið sumarfrí starfsmanna. Því miður þurfti fyrirtækið, þar á undan, að loka í allt að þrjá mánuði yfir sumartímann vegna hráefnisskorts

Dagbækur

Félagsmenn stéttarfélaganna geta nálgast minnisbækur/dagbækur og dagatöl fyrir árið 2013 á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem búa utan Húsavíkur geta hringt á skrifstofuna og fengið dagbækurnar og dagatölin send til sín í pósti. Minnisbókinni og dagatölunum er að venju dreift ókeypis til félagsmanna.

Bankað upp á í Húsasmiðjunni

Húsasmiðjan á Húsavík hefur á að skipa góðu starfsfólki, einn af þeim er ljúflingurinn og söngfuglinn Jón Þormóðsson sem ættaður er úr þeim fagra dal, Reykjadalnum. Hér er hann ásamt Jónu Matt formanni deildarinnar

Fulltrúar Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar hafa haldið áfram heimsóknum á vinnustaði sem hafa mælst mjög vel fyrir. Meðal vinnustaða sem heimsóttir hafa verið er Húsasmiðjan á Húsavík. Heimsóknunum verður fram haldið eftir áramótin.

Nemendur frá FSH í heimsókn

Þessir efnilegu unglingar úr framhaldsskólanum á Húsavík voru meðal nemenda skólans sem komu við hjá stéttarfélögunum til að fræðast um sín mál á vinnumarkaði og atvinnulífið í Þingeyjarsýslum. Heimsóknin var liður í námi þeirra í lífsleikni.

Áhugasamir nemendur úr Framhaldsskóla Húsavíkur komu í heimsókn á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér starfsemi stéttarfélaganna og fræðast jafnframt um atvinnulífið á Húsavík. Starfsmenn skrifstofunnar gerðu þeim grein fyrir þessum þáttum og komu víða við í máli sínu. Unglingarnir voru fróðleiksfúsir um starfsemina og spurðu auk þess mikið út í réttindi þeirra á vinnumarkaði.

Ísfélagið greiðir aukabónus

Mikil ánægja er meðal starfsmanna Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn eftir að fyrirtækið tók ákvörðun um að greiða út viðbótar jólabónus til starfsmanna sinna í landi, að upphæð 250.000 kr. Bónusinn er hrein viðbót við 50.000 króna desemberuppbót sem bundinn er í kjarasamningum. Alls fá því starfsmenn í landi 300.000 kr jólabónus í ár.

Gleði og hamingja á Þórshöfn. Starfsmenn fyrirtækisins í landi fengu jólabónus í desember.

Nýr húsvörður í Asparfellinu

Nýi húsvörðurinn í Asparfellinu er Kjartan Tryggvason. Þess má geta að Kjartan er bróðir Hauks Tryggvasonar sem nú er látinn og starfaði m.a. í trúnaðarmannaráði Framsýnar til fjölda ára.

Framsýn hefur gengið frá ráðningu á húsverði til að fylgjast með íbúð félagsins í Asparfelli í Reykjavík. Félagið á íbúðina ásamt nýju íbúðunum í Þorrasölum í Kópavogi sem teknar voru í notkun í sumar og eru í stöðugri notkun. Þar er Tómas Guðmundsson húsvörður. Nýi húsvörðurinn í Asparfellinu er Kjartan Tryggvason. Guðmundur Jónasson sem verið hefur húsvörður lét af störfum 1. nóvember. Hann var bæði með Asparfellið og Freyjugötuna sem var seld síðasta vor. Guðmundi og frú eru þökkuð vel unnin störf í þágu félagsins í gegnum tíðina. Þá er Kjartan boðinn velkominn til starfa.

VÞ styrkir lestrarátak

Svala Sævarsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir hjá VÞ afhentu bókaverði styrkinn í bókasafninu. Bókavörðurinn sem tók við gjöfinni er Líney Sigurðardóttir en hún tók jafnframt myndina og er því ekki á henni.

Góður bókakostur er ein forsenda þess að viðhalda lestraráhuga hjá börnum og unglingum og góð lestrarfærni er undirstaða alls náms. Verkalýðsfélag Þórshafnar brást því vel við beiðni bókavarðarins á Þórshöfn þegar hann leitaði liðsinnis Verkalýðsfélagsins og bað um styrk til bókakaupa. Rausnarlegt framlag félagsins var 80.000 krónur, sem nemur um eitt þúsund krónum á hvern nemanda í grunnskólanum. Lestrarátak hófst í skólanum í haust og því eru nýjar bækur afar kærkomin viðbót og bókavörður færði Verkalýðsfélaginu alúðarþakkir við móttöku styrksins.

Vinnustaðaheimsókn í Lyfju

Setið og spjallað. Jóna formaður, Rannveig og Aðalbjörg.

Formaður og varaformaður Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar hófu vinnustaðaheimsóknir í nóvember með því að heimsækja Lyfju á Húsavík. Áhugi er fyrir því innan deildarinnar að heimsækja nokkra vinnustaði á næstu vikum og mánuðum. Þá er stjórn deildarinnar með það til skoðunar að standa fyrir launakönnun meðal félagsmanna í vetur og gæðum í verslunum í Þingeyjarsýslum. Nánar verður fjallað um það á öðrum stað í blaðinu.

Góður liðsmaður í sérverkefni

Rafnar Orri, myndar og myndar. Hér er hann í Fjallalambi að taka upp félagsmenn Framsýnar við störf.

Framsýn hefur ráðið Rafnar Orra Gunnarsson í tímabundið verkefni. Rafnar er 24 ára gamall og ættaður frá Húsavík. Honum er ætlað að fara um þingeyjarsýslur og mynda atvinnulífið á svæðinu og efla auk þess tengsl Framsýnar við unga félagsmenn en rúmlega 500 félagsmenn eru innan við 25 ára aldur. Hugmyndin er síðan að búa til kynningarmyndband um atvinnulífið og starfsemi Framsýnar á félagssvæðinu sem nær frá Raufarhöfn að Vaðlaheiði. Lesnar verða upplýsingar inn á myndbandið á íslensku, ensku og pólsku þar sem ætlunin er að myndbandið verði mjög fræðandi fyrir félagsmenn Framsýnar og aðra áhugasama um starfsemi félagsins og atvinnulífið í Þingeyjarsýslum. Auk þess verður búið til sérstakt kynningamyndband í sömu mynd fyrir ungt fólk á vinnumarkaði sem ætlað er til kennslu og fróðleiks í skólum. Myndböndin verða aðgengileg á heimasíðu Framsýnar. Ekki er vitað til þess að stéttarfélög á Íslandi hafi ráðist í svona verkefni áður. Ljóst er að önnur stéttarfélög munu fylgjast með verkefninu en þegar hafa nokkur félög beðið um að fá að fylgjast með framvindu mála sem er hið besta mál enda Framsýn þekkt fyrir sitt öfluga starf innan hreyfingarinnar.

Baráttuhugur í heimamönnum

Rúmlega 50 manns tóku þátt í fundinum á Raufarhöfn sem fór vel fram. Fulltrúar Framsýnar voru að sjálfsögðu á fundinum.

Byggðastofnun ásamt heimamönnum boðaði til opins fundar um atvinnumál á Raufarhöfn 10. desember. Fundurinn sem hófst kl. 17:30 fór vel fram og greinilegt er að íbúar á Raufarhöfn vilja leggja sitt að mörkum til að stöðva fólksfækkunina sem orðið hefur á Raufarhöfn undanfarin ár og áratugi. Reyndar hefur fólksfækkunin orðið mest á Raufarhöfn sé miðað við þéttbýliskjarna á Íslandi.

Heimamenn voru á því að tækifærin til að efla byggðina liggi víða. Auka þurfi fiskvinnslu á staðnum, útgerð, ferðaþjónustu og skapa þurfi störf fyrir ungt fólk auk þess að veita þeim möguleika til að stunda nám lengur í heimabyggð. Þá var lagt að Byggðastofnun að ráða starfsmann til Raufarhafnar til að fylgja eftir þeim hugmyndum sem komið hafa fram og beinast að því að efla atvinnulífið og þar með mannlífið á Raufarhöfn. Jafnframt töldu fundarmenn tækifæri felast í þjónustu við Drekasvæðið verði niðurstaðan sú að hefja þar olíuleit og vinnslu á svæðinu. Koma þyrfti Raufarhöfn á kortið.

Eftir málefnalegan fund var samþykkt að boða til íbúafundar í janúar og kalla enn frekar fram hugmyndir heimamanna um allt það sem getur komið Raufarhöfn til góða og snúið neikvæðri byggðaþróun í jákvæða átt. Íbúar á Raufarhöfn eru tilbúnir að takast á við þetta verkefni sé miðað við þær fjölmörgu ræður sem fluttar voru á fundinum.

Vaskir sorphirðumenn

Það hefur ekki verið auðvelt að hreinsa upp sorp á Húsavík í vetur vegna fannfergis. Þessir kraftmiklu verkamenn Gámaþjónustu Norðurlands leituðu sér skjóls á Skrifstofu stéttarfélaganna meðan þeir biðu frekari fyrirmæla frá sínum verkstjóra og er myndin tekin við það tækifæri. Þeir eru frá vinstri talið: Sigurjón, Guðmundur, Sigurður, Jón Óskar, Brynjar og Gunnar.

Kátir sjómenn á Jökli

Eins og sjá má er áhöfnin á Jökli ÞH 259 fjallmyndarleg.

Þorgeir Baldursson er ljósmyndari góður og hefur auk þess starfað sem sjómaður til fjölda ára. Hann kom við á Skrifstofu stéttarfélaganna með myndir úr veiðiferð Jökuls ÞH 259 sem gerður er út frá Húsavík. Flestir sjómannanna eru félagsmenn í Sjómannadeild Framsýnar.

Getum við fengið húfu?

Þrjár ungar stúlkur sem eru nemendur í Framhaldsskólanum á Húsavík og notendur þjónustunnar sem er í boði í Miðjunni litu við á Skrifstofu stéttarfélaganna. Tilgangurinn var að heilsa upp á starfsmenn og fá húfu frá Framsýn en félagið auglýsti nýlega húfur til gefins fyrir félagsmenn.

Þær Lena Hermannsdóttir, Rut Guðnýjardóttir og Bryndís Benediktsdóttir eru miklir gleðigjafar. Þær komu við og fengu húfur sem þær voru ánægðar með í kuldatíðinni. Þess má geta að húfurnar eru uppseldar(uppgefnar) en eru væntanlegar aftur fyrir jól. Félagsmönnum er velkomið að koma við og fá góða vetrarhúfu.

Þingiðn styrkir Velferðarsjóðinn

Þórhildur Sigurðardóttir tók við gjöfinni fh. sjóðsins en hún er fulltrúi Rauða krossins í úthlutunarnefnd Velverðarsjóðs Þingeyinga. Með henni er Jónas Kristjánsson formaður Þingiðnar sem afhendi henni gjöfina.

Þingiðn- félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum færði Velferðarsjóði Þingeyinga 100.000,- króna styrk til að mæta því öfluga starfi sem sjóðurinn er að sinna á félagssvæði Þingiðnar er varðar velferðar- og mannúðarmál. Sjóðurinn er að gera góða hluti og starfsemi hans skiptir verulega miklu máli í héraðinu, ekki síst núna fyrir jólin þegar margir eiga erfitt. Rétt er að skora á sem flesta að leggja sjóðnum lið með fjárstuðningi. Reikningsnúmer sjóðsins er 1110-05-402610, kt.600410-0670.

Konfekt og hamingja

Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Á. Baldursson, kom við hjá starfsfólki Flugfélagsins Ernis í síðustu viku og færði þeim konfekt frá félaginu með þakklæti fyrir ákvörðun flugfélagsins um að hefja áætlunarflug milli Reykjavíkur og Húsavíkur. Ljóst er að flugið skiptir Þingeyinga og aðra þá sem þurfa að ferðast til og frá svæðinu verulega miklu máli enda hafa um 6.200 farþegar ferðast með flugfélaginu frá upphafi en áætlunarflugið hófst sunnudaginn 15. apríl 2012.

Aðalstein Árni færði Ásgeiri Erni Þorsteinssyni sölu og markaðsstjóra flugfélagsins konfektkassa frá Framsýn. Ásgeir þakkaði fh. starfsmanna og sagðist mjög ánægður með Húsavíkurflugið og bað um góðar kveðjur norður í land.

Jafnréttismál til umræðu

Það urðu fjörugar umræður á fundi sem Framsýn stóð fyrir um jafnréttismál og var öllum opinn. Maríanna Traustadóttir jafnréttisfulltrúi Alþýðusambands Íslands var frummælandi á fundinum og kom víða við í máli sínu. Í kjölfarið urðu líflegar umræður um jafnréttismál almennt. Það fór hins vegar lítið fyrir jafnréttinu á fundinum þar sem mun fleiri konur sáu ástæðu til að mæta á fundinn en karlar. Það hefði verið ánægjulega að sjá fleiri karlmenn á fundinum enda snerta jafnréttismál bæði karla og konur.

Við óskum þér gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

Starfsfólk Íslandsbanka á Húsavík.

Finndu okkur á Facebook.

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki